


Nr. 090 / 12 Día, skúta**Hvolfir á Skerjafirði**

Skipaskr.nr. óskráð
 Smíðaður: Englandi 1982, plast
 Stærð: brl. bt.
 Mesta lengd: 5,5 m Skráð lengd:
 Breidd: 2,45 m Dýpt: 1,1 m
 Vél: Hjálparvél (utanborðsmótor)
 Fjöldi skipverja: 1



Día©NN

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. ágúst 2012 var skútan Día á siglingu frá Reykjavíkurböfn inn til Skerjafjarðar. Veður: SSA 10 – 15 m/sek.

Krusað var suður leiðina á milli Suðurness og Kerlingaskers en skömmu eftir að vent var í sundinu á milli Kerlingaskers og Kepps lagðist báturinn, þrátt fyrir að búið væri að rifa seglin verulega, svo mastur fór í sjó. Formaður sem komst upp á síðuna sá að neðri hluti kjalar var horfinn og efri hluti hans verulega sprunginn og „jagaðist hann til“. Brotnaði hann af skömmu síðar. Hvolfdi þá bátinum endanlega og komst formaðurinn upp á botninn.



Día eftir að hún var dregin að bryggju©NN

Eftir að hafa hafst þar við í um þrjár klukkustundir sást til skipbrotsmannsins frá skemmtiferðaskipi sem tilkynnti hafnsögumönnum atvikið. Bátsverjar björgunar bátsins Þórðar S.

Kristjánssonar sem voru við æfingar á svæðinu heyrðu talstöðvarsamskiptin og brugðust þeir strax við. Komu þeir að skipbrotsmanninum norður af Akurey og var honum bjargað af botni bátsins sem var dreginn á hvolfi til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skútan er af Micro 18 gerð með fjórum lokuðum lofthólfum sem fleyttu honum við þessar aðstæður;
- að fellikjölurinn er tvískiptur og gengur neðri hlutinn upp í efri hlutann. Hægt er að slaka niður eða draga hann upp í efri hlutann og byrðinginn með talíu. Formaður taldi þyngd kjalarins vera frá 150 til 200 kg og er blýklumpur neðst á kjölnum;
- að sögn formanns voru mun sterkari hviður vestan við Gróttu á siglingunni vestur eftir og því sennilega reynt mun meira á kjölinn heldur en meðalvindstyrkur;
- að formaður sagðist ekki vita til þess að kjölurinn hafi skemmst fyrir óhappið. Hann sagðist ekki hafa orðið var við að kjölurinn hafi rekist í eitthvað í sjónum á siglingunni eða tekið niðri;
- að hann hafi fylgst vel með staðsetningu í GPS-tækinu á siglingunni milli Kerlingaskers og Kepps sem bæði voru upp úr enda nærri því fjara;
- að á meðalstórstraumsfjöru er liðlega sjö metra dýpi samkvæmt ferilskráningu, sem fengin er úr GPS-tæki bátsins, þegar báturinn lagðist á hliðina kl. 17:04. Smástraumsfjara var í Reykjavík kl. 18:19.

Nefndarálit:

Orsök þess að fellikjölurinn losnaði úr sæti sínu og brotnaði er óþekkt.